Fundargerð aðalfundar foreldrafélags Helgafellsskóla
2022

Aðalfundur foreldrafélags Helgafellsskóla var haldinn 19 Maí 2022 í sal Helgafellsskóla.

Fundarstörf:

Fundarsetning og skipun fundarstjóra og ritara
Ólafur Dan Snorrason, formaður foreldrafélagsins setti fundinn og tilnefndi sjálfan sig sem fundarstjóra og Gunnar Inga Reykjalín Sveinsson sem fundarritara. Tillagan var samþykkt.

Skýrsla stjórnar
Gunnar Ingi Reykjalín Sveinsson, ritari og varaformaður, fór yfir skýrslu stjórnar. Farið var yfir viðburði sem félagið stóð að á skólaárinu.

Ársreikningur
Jóna A. Pálmadóttir, gjaldkeri, fór yfir ársreikninginn. Skuldir og eigið fé félagsins eftir rekstrartímabilið eru 395.867.- Ársreikningurinn var samþykktur af aðalfundi.

Stjórnarkjör
Þrír stjórnarliðar segja skilið við stjórnarsetu í foreldrafélaginu. Jóna, Sonja og Elena hætta nú þegar stjórnarskipti eiga sér stað. Þrír foreldrar gáfu kost á sér til stjórnarsetu og einn til vara og voru þau samþykkt á aðalfundinum. Þau eru:

Hólmfríður Anna Aðalsteinsdóttir (börn á leikskóladeild og í 4. bekk)
Edda Eir Ingadóttir (börn í 2. og 4. bekk)
Guðjón Svansson (barn í 5 bekk)
Hafrún Ósk Sigurhansdóttir (barn í 6. bekk) – *til vara*

Skoðunarmenn reikninga
Skoðunarmenn reikninga á næsta skólaári sem samþykktir voru af aðalfundi:

Jóna A Pálmadóttir
Elín Anna Gísladóttir

Ákvörðun félagsgjalda
Fráfarandi stjórn lagði til á fundinum að félagsgjöld hækki um 500kr og verði 2.500kr. Sama fyrirkomulag verður á innheimtu, einn greiðsluseðill á hvorri önn og sama gjald fyrir alla, óháð fjölda barna í skólanum. Tillagan var samþykkt.

Til grundvallar tillögunni var stungið upp á að árgangafulltrúar gætu sótt í fyrirfram ákveðið fjármagn til að fjármagna viðburði árganganna yfir skólaárið. Upphæð fjármagnsins verður ákveðin af stjórn í byrjun næsta skólaárs.

Hlutverk árgangafulltrúa og foreldrarölt

Farið var stuttlega yfir hlutverk árgangafulltrúa og foreldrarölt. Óskað hefur verið eftir meira samráði milli stjórnar og árgangafulltrúa og var vel tekið í það. Til stendur að hefja næsta skólaár með sameiginlegum fundi.

Önnur mál

Umræða um 200 daga skóla

Rætt var stuttlega um muninn á 180 og 200 daga skólum og sýn foreldra á 200 daga fyrirkomulagið í Helgafellsskóla. Almennt voru foreldrar ánægðir með fyrirkomulagið. Sumir foreldrar telja sig spara talsvert á því að þurfa ekki að nýta sumartómstundir sem dagvistarúrræði. Foreldrar lýstu sumir einnig áhyggjum sínum af því að hefjist sumarleyfi þeirra á meðan skólinn er enn starfræktur vegna þessara auknu kennsludaga, þurfi þeir að sækja formlega um leyfi frá fræðsluskrifstofu til að fá sumarleyfi fyrir börnin. Það hefur ekki alltaf gengið smurt fyrir sig.

Fundarstjóri sleit fundi um kl 21:00